



Hraunvallaskóli

VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

# Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

**Dags: 29.09. 2023. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 8:15-9:30.**

**Mættir:** Lars Jóhann Imsland, Guðbjörg Norðfjörð (fjarverandi), Þórunn Jónsdóttir, Una Björk Harðardóttir (fjarverandi), Sara Pálmadóttir, Bryndís Jónsdóttir, Magnús Róbertsson, Svanhildur Ýr Sigþórsdóttir, Ragnheiður Sunna Gunnarsdóttir og Agnes Fjeldsted.

Dagskrá:

## 1. Starfsáætlun skólaráðs

Farið var yfir starfsáætlun skólaráðs skólaárið 2022-23. Nýir fulltrúar kennara og starfsmanna voru kosnir í ágúst og september á starfsmannafundum. Nýir fulltrúi nemenda er Ragnheiður Sunna Gunnarsdóttir og nýir fulltrúar foreldra eru Magnús Róbertsson og Svanhildur Ýr Sigþórsdóttir.

Skólaráð er því skipað á eftirfarandi máta til næstu tveggja ára : Lars Jóhann Imsland skólastjóri, Guðbjörg Norðfjörð aðstoðarskólastjóri, fulltrúi kennara er Þórunn Jónsdóttir og Una Björk Unnarsdóttir, fulltrúi starfsmanna er Bryndís Jónsdóttir, fulltrúar foreldra eru Magnús Róbertsson og Svanhildur Ýr Sigþórsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags er Sara Pálmadóttir, fulltrúar nemenda eru Ragnheiður Sunna Gunnarsdóttir og Agnes Fjeldsted Sigurðardóttir.

## 2. Áherslur á skólaárinu

Skólastjóri fór yfir áherslur á skólaárinu sem meðal annars snúa að almennu umbótastarfi, stuðningi við starfsfólk og starfshætti, læsi, kennsluskipulagi á unglingastigi, réttindum og þátttöku barna í skólastarfi, fjölmenningsamfélaginu, ERASMUS+ og símalausum skóla. Skólastjóri kynnti einnig samskipta sáttmála sem starfsmenn skólans gerðu í upphafi skólaársins.

## 3. Foreldrasamstarf

Samstarf heimilis og skóla fer vel af stað og bekkjarenglar eru komnir í nær alla árganga. Bekkjaskemmtanir eru þegar byrjaðar og Foreldrafélag skólans er búið að tímasetja helstu viðburði sem það stendur fyrir. Foreldraröltið er byrjað en það vantar fleiri foreldra á vaktir.

## 4. Símalaus skóli.

Skólastjóri fór yfir reglur og viðurlög sem fylgja símalausum skóla sem byrjar 1. október 2023. Reglurnar má finna á heimasíðu skólans.

*Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland*